



Fundargerð

1422. fundur bæjarráðs Reykjaneshöfnar, haldinn á Tjarnargötu 12
8. júní 2023, kl. 08:15

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Breyting á samning við Bus4U (2019090564)
Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri fór yfir erindið í forföllum Heru Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs.
Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.
2. Ósk um samstarf frá Utanríkisráðuneytinu
Halldór Karl Hermannson sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs mætti á fundinn.
Óskað er eftir formlegu samstarfi við Reykjaneshöfn og Reykjaneshöfn með það að markmiði að hefja undirbúning og formlegt samstarf um áframhaldandi uppbyggingu í Helguvík.
Bæjarráð tekur vel í erindið og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra og Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarviðs að vinna áfram í málinu.
3. 30 ára afmæli Reykjaneshöfnar 2024.
Lagt fram minnisblað um skipan afmælisnefndar í tilefni af 30 ára afmæli Reykjaneshöfnar 11. júní 2024.
4. Greiningarvinna á menningarhúsum (2022110463)
Lagt fram minnisblað menningar- og þjónusturáðs um greiningarvinna á menningarhúsum Reykjaneshöfnar.
5. Leikskólinn Stapahöll (2023060083)
Lagðar fram tillögur um úrbætur á leikskólahluta Stapaskóla (Stapahöll), kostnaðaráætlun kr. 15.800.633.
Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til viðauka í fjárhagsáætlun 2023.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20